

# Mental

## PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Mental ráðgjöf ehf.

Fyrst samþykkt: 30. nóvember 2022

## I. ALMENNT

Persónuvernd þín skiptir MENTAL afar miklu máli. Stefna þessi tekur til persónuupplýsinga hvort sem þeim er safnað og þær varðveittar með rafrænum hætti, á pappír eða með öðrum sambærilegum. Stefnan gildir um allar persónuupplýsingar sem við vinnum, óháð því á hvaða miðli upplýsingarnar eru geymdar og óháð því hvort þær tengjast fyrrum eða núverandi starfsmönnum, verkötum, viðskiptavinum, umbjóðendum, birgjum, hluthöfum, notendum vefsíðu eða öðrum skráðum einstaklingum, hvort heldur sem MENTAL er í hlutverki ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila.

Stefnan tekur til skráningar, vörslu og vinnslu á persónuupplýsingum sem falla undir stefnuna og um leið lög um meðferð persónuupplýsinga. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins <https://mentalradgjof.is/>

## II. PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF

Um meðferð persónuupplýsinga gilda lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma, sem og viðkomandi hlutar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Taka löggin m.a. á vinnslu, vörslu og miðlun persónuupplýsinga.

## III. NOTKUN VAFRAKAKA

Vefsvæði MENTAL notar vafrakökur (e. cookies) til að bæta upplifun notenda. Með því að nota síðuna samþykkir þú notkun á vafrakökum.

Vafrakökur eru litlar textaskrár sem er ætlað að tryggja sem besta upplifun af síðunni fyrir notendur. Almennu eru vafrakökur notaðar til að viðhalda notendastillingum og

auðkenna innskráða notendur. Vafrakökur eru oft nauðsynlegar fyrir ýmsa virkni og til að koma í veg fyrir árasir tölvuþrjóta. Auðvelt er að loka á vafrakökur eða eyða þeim en slíkt getur hamlað virkni síðunnar. Upplýsingar um hvernig stilla má vafra má finna á <https://allaboutcookies.org>

## Vefmælingar

MENTAL ráðgjöf notar Google Analytics til vefmælinga og viðhalds. MENTAL nýtir upplýsingarnar til að skoða hversu mikið vefsíðan er notuð og hvaða efni notendur eru áhugasamir um og geta með þeim hætti aðlagð síðuna betur að þörfum notenda. Google Analytics fær ópersónugreinanleg gögn frá vef MENTAL en MENTAL deilir ekki persónugreinanlegum gögnum notenda af vefnum til þriðja aðila.

## Notkun MENTAL á vefmælingum

Með því að samþykkja skilmála MENTAL um notkun á vafrakökum er MENTAL meðal annars veitt heimild til þess að:

- Bera kennsl á notendur sem hafa komið áður á vefinn og sníða leit og þjónustu við gestina til samræmis við auðkenninguna,
- Að gera notendum auðveldara að vafra um vefsvæðið, til dæmis með því að muna eftir fyrri aðgerðum.
- Að birta notendum auglýsingar
- Að þróa og bæta þjónustu vefsvæðisins með því að fá innsýn í notkun hennar

## IV. SÖFNUN OG NOTKUN

MENTAL leggur mikið upp úr trúnaði og öruggri meðferð persónuupplýsinga. Í allri framsetningu á niðurstöðum úr úttektum og könnunum er þess gætt að ekki sé hægt að rekja svör til einstakra svarenda og allir starfsmenn hafa skrifað undir trúnaðar- og þagnareid, sem á jafnt við gagnvart svarendum og viðskiptavinum.

## V. MIÐLUN

Við miðlum aldrei persónuupplýsingum til þriðja aðila án þess að samþykki þitt fyrir miðluninni liggi fyrir (sem þér er frjálst að hafna) nema þar sem okkur er það skylt samkvæmt lögum eða í þeim tilvikum sem talin eru upp í IV. kafla eða í næstu málsgrein.

Okkur er heimilt að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila (vinnsluaðila) sem er þjónustuveitandi, umboðsmaður eða verktaki okkar í þeim tilgangi að ljúka við verkefni eða veita þjónustu eða vöru sem beðið hefur verið um eða samþykkt. Okkur er einnig heimilt að deila upplýsingum með vinnsluaðilum þegar það er nauðsynlegt til að vernda brýna hagsmuni t.d. við innheimtu á vanskilakröfu. Við deilum einnig upplýsingum, í tölfræðilegum tilgangi, með vinnsluaðilum sem vinna með okkur við gæða -og markaðsstarf.

Við afhendum vinnsluaðilunum einungis þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir þá í framangreindum tilgangi og gerum við þá samning þar sem þeir undirgangast skyldu um að halda upplýsingum um svarendum öruggum og nota þær einungis í framangreindum tilgangi.

## VI. VERNDUN

MENTAL leggur mikla áherslu á að vernda vel allar persónuupplýsingar og hefur því yfir að skipa innra eftirlitskerfi sem á að tryggja að ávallt skulu gerðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir.

Við munum tilkynna án ótilhlýðilegrar tafar ef það kemur upp öryggisbrot er varðar persónuupplýsingarnar sem hefur í för með sér mikla áhættu fyrir hlutaðeigandi. Með öryggisbroti í framangreindum skilningi er átt við brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða

ólögmætrar eyðingar persónuupplýsinga eða að þær glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

## VII. VARÐVEISLA

Ef þú tekur þátt í könnun á vegum MENTAL er persónugreinanlegum upplýsingum, öðrum en þær sem þú kannt að gefa sjálf(ur) upp í könnun, ekki safnað og því ekki um varðveislu persónugreinanlegra upplýsinga að ræða samkvæmt skilgreiningu í lögum um persónuvernd.

## VIII. RÉTTINDI ÞÍN

Þú átt rétt á og getur óskað eftir eftirfarandi upplýsingum með því að senda skriflega fyrirspurn á [mental@mentalradgjof.is](mailto:mental@mentalradgjof.is)

Þú átt ávallt rétt á því að leggja fram kvörtun til Persónuverndar komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga, en við myndum hins vegar kunna að meta það að þú gæfir okkur tækifæri fyrst til þess að leysa málið áður en þú hefur samband við Persónuvernd.

## IX. BREYTINGAR

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Þér er því ráðlagt að kynna þér persónuverndarstefnuna reglulega en breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu fyrirtækisins; <https://mentalradgjof.is/>